

**Ed.**

**595. Nefndarálit**

[169. mál]

um frv. til l. um lagmetisiðju ríkisins í Siglufirði.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og fengið um það umsögn frá fjórum aðilum. Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og meiri hluti stjórnar Síldarverksmiðja ríkisins mæla með samþykkt þess án athugasemda. Bæjarstjórn Siglufjarðar mælir með samþykkt frumvarpsins með nokkrum ábendingum, sem nefndin hefur að meginefni til fallizt á. Íslensk málnefnd telur, að nýyrðið „lagmeti“ sé heppilegt orð til að tákna bæði niðursoðin og niðurlögð matvæli, og mælir því með heitinu „lagmetisiðja“.

Að lokinni athugun er iðnaðarnefnd sammála um að mæla með afgreiðslu frv. með svofelldum

**BREYTINGUM:**

1. Við 1. gr. bætist:  
Heimili og varnarþing fyrirtækisins er í Siglufirði.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:  
Lagmetisiðjan vinnur að niðurlagningu, niðursuðu og hvers kyns fullvinnslu matarréttu úr sjávarafurðum og öðrum íslenskum hráefnum. Jafnframt annast lagmetisiðjan tilraunastarfsemi á þessu framleiðslusviði undir leiðsögn Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og miðlar reynslu og þekkingu til annarra framleiðenda.
3. Við 4. gr. Síðari mgr. orðist svo:  
Ríkissjóður leggur fram nauðsynlegt fjármagn til stækkunar verksmiðjunnar, þegar fé er veitt til þess á fjárlögum.
4. Við 5. gr. Greinin orðist svo:  
Iðnaðarráðherra skipar 5 menn í stjórn lagmetisiðjunnar til fjögurra ára í senn, og skulu eftirtaldir aðilar tilnefna menn í stjórnina: fjármálaráðuneytið, bæjarstjórn Siglufjarðar og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Starfsfólk verksmiðjunnar tilnefnir einn mann samkvæmt nánari reglum, sem ráðuneytið setur. Ráðherra skipar formann stjórnar án tilnefningar, og skal hann vera búsettur í Siglufirði. Varamenn skulu tilnefndir á sama hátt.
5. Á eftir 6. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:  
Lagmetisiðjan greiðir aðstöðugjald og aðra skatta til Siglufjarðarkaupstaðar samkvæmt lögum nr. 8/1972, um tekjustofna sveitarfélaga.

Alþingi, 13. apríl 1972.

Ólafur Þ. Þórðarson,  
form.

Björn Fr. Björnsson.

Ragnar Arnalds,  
fundaskr., frsm.

Geir Hallgrímsson,  
með fyrirvara.

Halldór Kristjánsson.

Þorv. Garðar Kristjánsson,  
með fyrirvara.